

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 179/1992. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Kristjáni Guðmundssyni**

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Vegalög. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1992 að ósk ákærða, en jafnframt af ákærvalds hálfu til þyngingar á refsingu. Fyrir Hæstarétti krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsí-
ákvæða að öðru leyti en því, að háttsemi ákærða, sem lýst er í
ákæruskjali, telst ekki falla undir 3. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber að sýkna ákærða fyrir brot á því ákvæði.

Hinn 8. október 1990 var ákærði dæmdur í sekt fyrir umferðarlagabrot. Brot það, sem hér er fjallað um, var framið 20. maí 1990, og ber að tiltaka refsingu ákærða með vísan til 78. gr. laga nr. 19/1940. Telst refsingin hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Kristján Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Garðabæjar 13. mars 1992.

Mál þetta var dómtekið 27. febrúar sl. Það var höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, út gefinni 14. október 1991, á hendur Kristjáni Guðmundssyni húsverði, kt. 140427-3149, Melási 2, Garðabæ, „fyrir að hafa sunnudaginn 20. maí 1990 meinað Ernu Sigþórsdóttur, eiganda jarðarinnar Þverárkots í Kjalarneshreppi í Kjósarsýslu, að aka brott frá jörðinni eftir vegi, sem liggur frá jörðinni að Þingvallavegi um land jarðarinnar Hrafnhóla, eignar ákærða, með því að læsa með keðju einu hliði á veginum að jörðinni og leggja dráttarvél í það, og varð Erna að aka frá jörðinni eftir ógreiðfærum troðningi meðfram Leirvogsá til að komast brott.

Telst þetta varða við 3. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956 og 1. mgr. 79. gr., sbr. 85. gr. vegalaga nr. 6/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði krefst sýknu í máli þessu og að málskostnaður verði felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, auk virðisauka-skatts.

Atvik máls.

Ákærði er eigandi jarðarinnar Hrafnhóla í Kjalarneshreppi og hefur að eigin sögn verið það frá árinu 1977, en skv. fram lögðu veðbókarvottorði frá 20. júní 1976. Næsta jörð vestan Hrafnhóla er Þverárkot. Skilur Þverá lönd jarðanna og fellur í Leirvogsá. Eigendur Þverárkots eru hjónin Erna Sigþórsdóttir leigubilstjóri og Sveinn Sigurjónsson múrarameistari, til heimilis á Seltjarnarnesi, og börn þeirra þrjú. Hafa þau átt jörðina í tæp þrjú ár. Jörðin er í eyði, en að sögn Ernu og Sveins hafa þau dvalist þar að sumarlagi.

Sunnudaginn 20. maí 1990 fóru þau hjónin Erna og Sveinn upp í Þverárkot. Með þeim í för voru tveir menn, Ólafur Halldórsson bensín-afgreiðslumaður, búsettur í Garðabæ, og Kristinn Steingrímsson, öryrki og ellilífeyrisþegi, fyrrverandi bóndi, búsettur í Reykjavík. Fóru þau á tveimur bílum. Var tilgangur fararinnar að skoða beitarland fyrir hesta, því að til tals hafði komið, að eigendur Þverárkots leigðu þeim Ólafi og Kristni beitarland fyrir tvo eða þrjá hesta. Voru Erna og Sveinn á Bronco-jeppa, en Ólafur og Kristinn á fólksbíl, er Ólafur átti. Óku þau, sem leið liggur, um Þingvallaveg, beygðu af honum við Seljabrekku og fóru yfir brú á Leirvogsá milli Skeggjastaða og Hrafnhóla. Jörð var að mestu auð, en skaflar í lautum og drögum. Við bæinn Hrafnhóla skiptir vegarslóðum. Liggur annar um eyrar niður með Leirvogsá sunnan túngirðingar, sem stendur á allháum bakka. Sá vegarslóði var ófær vegna snjóá. Hinn vegar-

slóðinn liggur innan túngirðingar í Hrafnhólalandi, og óku þau fjórmenningsarnir hann. Var hann greiðfær. Á þeim vegi eru þrjú hlið. Tvö þau austustu voru opin, og eru þau rétt hjá bænum Hrafnhólum. Þriðja hliðið, sem er á girðingu vestan túns, nær Þverá, var lokað með girðingar-neti. Fóru þau þar um, opnuðu hlið og lokuðu á eftir sér. Skildu þau síðan fólksbílinn eftir austan Þverár og fóru á jeppanum yfir að Þverárkoti. Dvaldist þeim þar um stund við að skoða beitarlandið. Að því loknu ætluðu þau að fara sömu leið til baka, en þegar þau komu að austasta hliðinu rétt við Hrafnhólabæ, hafði því hliði verið læst með keðju og hengilás og dráttarvél lagt á veginn fyrir hliðið.

Fjórmenningsarnir brugðust þannig við lokun vegarins, að Kristinn Steingrímsson fór fyrir þeirra hönd heim á bæinn til að reyna að ná tali af jarðareiganda, ákærða. Að sögn Kristins hitti hann fyrir mann á hlaðinu, sem vísaði honum á ákærða inni í bænum. Kristinn knúði þar dyra „rösklega tvisvar sinnum“, en enginn kom til dyra. Kveðst vitnið Kristinn þá hafa tekið í hurðarhúnninn, en dyr voru læstar. Sneri hann þá frá.

Varð þeim fjórmeningum nú til ráðs að reyna að komast vegarslóða, sem liggur til vesturs niður með Leirvogsá um Norður-Gröf og Velli og þaðan á Vesturlandsveg. Gekk þeim sú ferð erfiðlega, en þó slysalaust. Var leiðin einkum þungfær fyrir fólksbílinn. Bæði var mikið vatn í ám og lækjum, og svo voru skafar á vegarslóðanum.

Ekki varð af því, að þeir Ólafur og Kristinn tækju á leigu beitarlandið. Nefna vitnin Sveinn og Ólafur til þá ástæðu eina, að erfitt hafi verið að komast að Þverárkoti og frá því, en vitnið Kristinn segir, að auk þessa hafi sér þótt hestagirðingin í Þverárkoti of stór, þar sem hann hafi verið með styggan hest.

Mánudaginn 21. maí 1990 kærði Erna Sigþórsdóttir fyrir lögreglu lokun vegarins gegnum Hrafnhólatún daginn áður. Kvaðst hún kæra þann, sem það gerði, til refsingar.

Forsaga málsins.

Hinn 9. mars 1980 ritar Þorfinnur Þorfinnsson, Vallarbraut 10, Sel-tjarnarnesi, hreppsnefnd Kjálarneshrepps bréf. Kveðst hann í því vera eigandi landspildu í Hrafnhólalandi upp með Þverá, sem fyrrverandi eigandi Hrafnhóla, Sigurður Loftsson, hafi selt sér. Segir svo í bréfinu: „Til þess að komast þangað upp eftir mátti fara meðfram Leirvogsá eða þá veg, sem var meðfram túni eða í túni Hrafnhóla og var öllum opin áður fyrr, en neðri vegurinn með ánni er yfirleitt lokaður vegna snjóá á veturna, en girti vegurinn er nú, eftir að eigendaskipti urðu á jörðinni, jafnan lokaður með sverum keðjum, og telur eigandi sig í fullum rétti þar...“Óskar Þorfinnur eftir því við hreppsnefnd að fá að vita hið rétta í þessu máli.

Með bréfi, dagsettu 31. mars 1980, leggur hreppsnefnd erindi Þorfinns fyrir sýslumann Kjörsarsýslu, Einar Ingimundarson. Segir í því bréfi m. a.: „Til skýringar skal þess getið, að vegur þessi liggur frá Hrafnhólum að Þverholti um túnið í Hrafnhólum og var lagður, er Stefán Þorláksson átti Hrafnhóla. Eftir að Stefán hætti búskap og seldi Sigurði Loftssyni jörðina, en hann bjó þar í fjölda ára, var þessi vegur opinn öllum, að vísu með hliðum, er hægt var að opna. Sigurður Loftsson var búinn að fá samþykki sveitarstjórnar til að láta skipuleggja um 20 sumarbústaði, og eru þegar nokkrir byggðir, og höfðu þeir rétt til umferðar um veg þennan. Þá er og skátaskáli þar, sem mikið er notaður að vetri til. Því telur sveitarstjórn, að núverandi eigandi, Kristján Guðmundsson, Melási 2, Garðabæ, geti ekki læst umræddum vegi, þar sem ekki er um annan veg að ræða að vetri til.“

Sýslumaður sendi vegamálastjóra ljósrít framangreindra tveggja bréfa með bréfi, dags. 21. apríl 1980., „Óskað er sérstaklega álits yðar um, hvort hér sé um þjóðveg, sýsluveg, hreppsveg eða einkaveg að ræða,“ segir í bréfi sýslumanns.

Í svarbréfi frá Vegagerð ríkisins til sýslumanns, sem dagsett er 14. maí 1980 og undirritað af Gunnari Gunnarssyni deildarstjóra, kemur fram, að Kjalarnesvegur innri frá Norður-Gröf að Hrafnhólum hefur ekki verið í tölu opinberra vega síðan 1968. Síðan segir í bréfi Vegagerðarinnar: „Svo sem fram kemur í fylgiskjöllum með bréfi yðar, eru tveir vegslóðar um land Hrafnhóla frá brúnni á Leirvogsá að Þveráreyrum, annar meðfram Leirvogsá, en hinn í túni Hrafnhóla. Vegslóðinn um túnið var lagður um 1955, m. a. t. þ. a. auðvelda efnistöku úr Þveráreyrum, og var raunar styrktur árið 1974 í sama tilgangi.“ Síðan er í bréfinu tekin upp orðrétt 1. mgr. 79. gr. umferðarlaga nr. 6/1977, og segir síðan: „Ljóst er af tilvitnuðu lagaákvæði, að óheimilt er að loka umferðarleið um land Hrafnhóla. Hins vegar má um það deila, hvort leiðin meðfram Leirvogsá sé þess eðlis, að skilyrðum 79. gr. sé þar með fullnægt, eða hvort leiðin um tún Hrafnhóla skuli standa opin sem umferðarleið. Er ekki, a. m. k. að svo stöddu, tekin til þess afstaða, sbr. 1. mgr. 79. gr. vegalaga i. f. og 2. mgr. sömu gr. sömu laga.“

Sýslumaður kynnti hreppsnefnd Kjalarneshrepps álit vegamálastjóra með bréfi, dagsettu 2. júní 1980. Í því bréfi segir: „Sveitarstjórn, þ. e. hreppsnefnd, virðist hafa ákvörðunarvald um það, hvort loka megí eða læsa hliði á vegi þeim, sem hér ræðir um,....., en ákvörðun sveitarstjórnar má leggja undir úrskurð vegamálastjóra,...“ Í framhaldi af þessu samþykkti hreppsnefnd Kjalarneshrepps á fundi sínum 19. júní 1980, að „óheimilt sé að læsa hliði um Hrafnhólatún, og að senda viðkomandi erindi hér um ásamt afriti af málsskjöllum“. Þorfinni Þorfinnssyni var kynnt þessi samþykkt með bréfi hreppsnefndar, dags. 12. ágúst 1980, og ákærða, Kristjáni Guðmundssyni, með bréfi 18. sama mánaðar.

Gunnar Gunnarsson framkvæmdastjóri hefur f. h. Vegagerðar ríkisins staðfest með bréfi, dags. 20. febrúar sl., til dómara þessa máls, „að allar aðstæður varðandi umferðarleið milli Norður-Grafar og Hrafnhóla í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, eru með sama hætti og voru, er bréf, dags. 21. 4. 1980, frá Vegagerð ríkisins til sýslumannsins í Kjósarsýslu var ritað“.

Jón Ólafsson, oddviti Kjalarneshrepps, hefur staðfest hér fyrir dómi, að samþykkt hreppsnefndar frá 19. júní 1980 standi óbreytt.

Skýrslur fyrir dómi.

Í skýrslu sinni kannaðist ákærði við atvik þau, sem mál þetta er sprottið af. Hann mundi, að hjónin Erna Sigþórsdóttir og Sveinn Sigurjónsson hefðu komið upp að Þverárkoti vorið 1990. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með því, hvaða leið þau fóru, enda taldi hann, að sér hefði ekki komið það við. Ekki kvaðst hann muna, hvort leiðin meðfram Leirvogsa hefði þá verið fær, en hann gerði ráð fyrir því, að svo hefði ekki verið. Hann hefði vitað af fólki, sem þarna var á ferðinni, að það hefði farið til baka vegarslóðann niður með Leirvogsa.

Ákærði sagði, að hann hefði verið að gefa útigangi, hestum, þegar Erna og Sveinn með samferðamönnum komu þarna upp eftir. Þess vegna hefðu hlið á túnveginum verið ólæst. Hann hefði alveg, frá því að hann eignaðist jörðina, læst hliðum á þessum vegi. Hann hefði þó eingöngu læst austasta hliðinu, þ. e. hliðinu sunnan við bæinn. Ekki kannaðist hann við að hafa þennan dag, þ. e. 20. maí 1990, læst hliði á túngirðingu rétt við bæinn, þ. e. miðhliðinu. Kvaðst hann hafa lagt dráttarvél við austasta hliðið, sunnan bæjar, sem hann væri vanur að læsa. Hann hefði látið hana standa þar í halla, til þess að hægt væri að láta hana renna í gang.

Aðspurður sagði ákærði, að hann héldi, að hann hefði verið farinn burt frá Hrafnhólum, þegar Erna og Sveinn og tveir menn með þeim komu til baka frá Þverárkoti og að læstu hliði. Hann hefði verið farinn burt á undan þeim. Hann hefði ekki orðið var við þau á bakaleiðinni.

Ákærði kannaðist við bréf hreppsnefndar Kjalarneshrepps, dagsett 18. ágúst 1980, þar sem honum var kynnt sú samþykkt nefndarinnar frá 19. júní sama ár, að eiganda Hrafnhóla væri óheimilt að læsa hliði á vegi um tún jarðarinnar. Hann var að því spurður, hvort honum hefði verið ljóst, að hann hefði átt þess kost að skjóta þessu máli undir úrskurð vegamálastjóra. Hann kvaðst ekkert hafa verið að hugsa um það. Bætti hann því við til skýringar, að hann hefði haft til ráðgjafar í þessu máli Pál S. Pálsson hæstaréttarlögmann, og hefði hann ekki talið þörf á málskoti til vegamálastjóra.

Undir ákærða var borinn hluti af bókun af vettvangsgöngu dómara með votti 6. febrúar sl., þar sem segir: „Dómari og vottur gengu túnveginn í

átt að bænum. Stórgripaheld girðing er norðan vegarins meðfram honum, og eru þar víðir túnvellir. Skák af túninu er þó sunnan megin (ár megin) vegarins, og er ekki girt með vegi þeim megin.“ Ákærði gerði ekki athugasemd við þessa lýsingu.

Dómari gaf ákærða kost á því að tjá sig að eigin vild um þau sjónarmið, sem honum þættu mestu skipta í máli þessu. Í þeim hluta skýrslu hans kom m. a. eftirfarandi fram:

Hann benti á, að leiðin meðfram Leirvogsá, sunnan túns, væri mjög gömul; hún hefði verið farin a. m. k. alla þessa öld. Það væri þannig út í hött, að fjöldi [manna] ætti rétt á að fara þennan vegarspotta, sem verið væri að þræta um. Ákærði vitnaði til samnings um efnistöku, sem gerður var 1955. Sagði hann í því sambandi, að í afsölum jarðareiganda „gegnum tíðina“ kæmi aldrei fram réttur eins né neins til að fara gegnum túnið. Ekki væri heldur til neinn stafkrókur fyrir því, að [sumar]bústaðaeigendur hefðu slíkan rétt. Undir sumum kringumstæðum væri hægt að fara gegnum túnið, þegar hin leiðin væri ófær, og sumarbústaðaeigendur hefðu verið að hamast í að fá þennan rétt. Ákærði kvaðst telja, að það heyrði frekjunni til.

Ákærði varpaði fram þeirri spurningu, hver ætti að standa straum af þeim kostnaði, sem hlytist af tjóni, sem jarðareigandi yrði fyrir, ef þeim, sem þarna eiga leið um, yrði heimilt að fara gegnum túnið. Tók hann fram, að þrátt fyrir það að hann hefði læst hliði sunnan bæjar, sem fyrst er komið að á leiðinni frá Skeggjastöðum, hefði hann orðið fyrir tugþúsunda tjóni, þar sem „neðri hliðin“ hefðu verið skilin eftir opin og hross farið út og lent niðri í Mosfellssveit og eins niðri á Kjalarnesi. Þetta hefði oftsinnis hent þau fimmtán ár, sem hann hefði átt jörðina.

Aðspurður um það, hvenær sumarbústaðirnir í Hrafnhólalandi hefðu verið byggðir, svaraði ákærði, að þeir hefðu verið reistir, áður en hann eignaðist jörðina, ekki þó allir. Taldi hann, að þeir myndu hafa verið byggðir í leyfisleysi og án skipulags.

Fyrir dóminn hafa komið sem vitni Erna Sigþórsdóttir, Sveinn Sigurjónsson, Ólafur Halldórsson og Kristinn Steingrímsson, enn fremur Jón Ólafsson, oddviti Kjalarneshrepps.

Fyrirnefndu vitnin fjögur bera svo um lokun túnvegarins 20. maí 1990 samkvæmt hljóðritun á endursögn dómara:

Vitnið Erna: „.... þegar þau komu að hliðinu á túngirðingunni heim undir bæinn, hafi verið búið að læsa því hliði með keðju, og einnig hafi traktor verið lagt í hliðið, á veginn við hliðið“.

Vitnið Sveinn: „Þegar þau hafi ætlað að fara til baka, hafi þau komið að læstu hliði næst bænum Hrafnhólum. Því hafi verið læst með keðju og hengilás og verið búið að leggja dráttarvél þvert á veginn við hliðið.“

Vitnið Ólafur: „Þegar þau hafi ætlað að fara til baka, hafi verið búið að loka einu hliðinu með því að leggja dráttarvél á veginn fyrir hliðið.“

Vitnið Kristinn: „...þau hafi ætlað að fara sömu leið til baka. Þegar þau komu að hliði, sem sé á girðingu næst bænum, hafi verið búið að loka því hliði með því að leggja dráttarvél þvert í hliðið. Það hafi ekki verið hægt að komast fram hjá henni.“

Öll þessi fjögur vitni báru, hvert með sínum hætti, að jörð hefði verið að miklu leyti auð, en snjóskafar í lautum og drögum. Vitnin Erna og Sveinn báru, að vegurinn meðfram Leirvogsá sunnan túns hafði verið ófær vegna snjóá, en vitnin Ólafur og Kristinn minntust þess ekki að hafa tekið eftir öðrum vegi gegnum Hrafnhólaland en túnveginum, sem þau fóru.

Vitnið Jón Ólafsson bar, að það hefði eitt sinn komið að Hrafnhólum seint í maí, og þá hefði vegarslóðinn með ánni sunnan túns verið ófær vegna snjóá. Vitnið sagði, að fram að því, að vegurinn var lagður um túnið á Hrafnhólum, hefði ekki verið um neinn annan veg að ræða en áreyrnar sunnan túns. Enn fremur bar vitnið, að eftir að túnvegurinn var lagður, myndi ábúandi Þverárkots hafa notað þann veg. Vitnið minnti, að Þverárkot hefði verið í ábúð á árunum 1955 til 1960, en kvaðst ekki vera viss um tímamörkin.

Vitnin Erna, Sveinn, Ólafur og Kristinn báru mjög á einn veg um það, að ferðin til baka eftir vegarslóða frá Þverárkoti hefði verið erfið vegna snjóá og vatnavaxta. Um þennan veg sagði vitnið Jón Ólafsson, að þetta væri sumarfarvegur og ekki nauðsynlegur neinum, sem þarna býr, og engum, sem þarna eiga sumarbústaði. Hann væri mikið notaður af veiðimönnum í Leirvogsá.

Niðurstöður.

Við tilvitnun í vegalög í ákæru er þetta að athuga: Með 72. gr. laga nr. 87/1989 varð 79. gr. vegalaga nr. 6/1977 að 73. grein, og 85. gr. vegalaga nr. 6/1977, sbr. 11. gr. laga nr. 75/1982, varð að 79. gr. Lög nr. 87/1989 hafa í engu breytt þeim lagagreinum, sem vitnað er til, og kemur þessi ónákvæmni ekki í veg fyrir, að kveðið verði á um sekt eða sýknu skv. þeim.

73. gr. vegalaga nr. 6/1977, sbr. 72. gr. laga nr. 87/1989, er þannig: „Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar samkv. 1. mgr. má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.“

Dómari álítur vafalaust, að fyrri málsgrein lagagreinarinnar taki til þess vegar gegnum tún eða innan túngirðinga Hrafnhóla, sem hér er um fjallað.

Leitt er í ljós með skýrslu ákærða og framburði vitna, að sunnudaginn 20. maí 1990 lokaði ákærði þessum vegi þannig, að ekki varð um hann komist á bifreiðum. Hindraði hann þannig Ernu Sigþórsdóttur og Svein Sigurjónsson, eigendur jarðarinnar Þverárkots, ásamt tveimur samferðamönnum þeirra í að komast brott frá Þverárkoti eftir þeim eina vegi, sem greiðfær var. Í skýrslu sinni hér fyrir dómi hefur ákærði reyndar upplýst, að hann hafi alla tíð, síðan hann eignaðist jörðina 1977, hindrað umferð um veg þennan með því að læsa hliði á girðingu yfir veginn. Breytti hann í engu þessari háttsemi sinni, þótt honum væri í ágúst 1980 gerð kunnug sú samþykkt hreppsnefndar Kjálarneshrepps frá 19. júní sama ár, að bannað væri að læsa hliði á veginum. Ekki hirti hann heldur um að skjóta samþykkt sveitarstjórnar undir úrskurð vegamálastjóra, sem hann átti kost á skv. 2. mgr. 73. (áður 79.) gr. vegalaga. Hafa ber í huga í þessu sambandi, að þessi háttsemi ákærða hefði engan sakað, ef vegfarendur hefðu átt kost á öðrum jafngóðum vegi um land Hrafnhóla. En víst er af framburði vitna og öðrum gögnum máls, að vegurinn meðfram Leirvogsá sunnan túns er oft ófær að vetrarlagi og fram á vor.

Ákærði hefur borið það fyrir sig, að hann hafi orðið fyrir skaða af því, að hestar, sem hann hefur haft innan túngirðingar, hafi sloppið úr haldi, vegna þess að vegfarendur hafi ekki lokað hliðum á eftir sér. Þetta er ósannað. Er og á það að líta, að meðfram túnveginum að norðan er stórgripaheld girðing, og er meginhluti Hrafnhólatúna þeim megin vegar, en aðeins mjög lítill hluti sunnan megin vegar. Hefur ákærði ekki gert sennilegt, að hann hafi haft af því umtalsverða hagsmuni að hindra umferð um veginn.

Niðurstaða af framanrituðu er sú, að ákærði hafi gerst sekur um brot á 73. gr., sbr. 79. gr. vegalaga nr. 6/1977, sbr. 72. gr. laga nr. 87/1989, sbr. 11. gr. laga nr. 75/1982.

Í máli þessu er einnig ákært fyrir brot á 3. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956. Málsgreinin er þannig:

„Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til umráða yfir hlut, sem hann hefur í vörslum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.“ Samkvæmt 4. mgr. sömu lagagreinar skal mál því aðeins höfða út af brotum á 3. mgr., að sá krefjist, sem misgert var við. Upphaf þessa máls var það, að Erna Sigþórsdóttir kærði til lögreglu 21. maí 1990 lokun ákærða á túnveginum um Hrafnhóland.

Á það ber að fallast með ákærvaldinu, að ákærði hafi einnig gerst brotlegur við 3. mgr. 259. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, með því að hindra umferð Ernu Sigþórsdóttur og samferðamanna hennar um túnvegin á Hrafnhólum 20. maí 1990. Var háttsemi hans almennt til þess

fallin að torvelða eigendum Þverárkots að hafa not af eign sinni, og einnig er sannað af framburði vitna, að lokun vegarins átti þátt í því, að þeir Ólafur Halldórsson og Kristinn Steingrímsson ákváðu að taka ekki beitarsland fyrir hesta á leigu af eigendum Þverárkots. Ber að túlka lagagreinina svo, að hún taki ekki einungis til þess, að mönnum sé aftrað frá því að neyta réttar síns til umráða yfir lausafé, heldur einnig yfir fasteignum.

Ákærði er sakhæfur. Á árabílinu 1948-1972 hefur hann átta sinnum gengist undir dómsátt vegna brota á umferðarlögum. Hinn 8. október 1990 var hann í sakadómi Garðabæjar dæmdur til að greiða 7.500 króna sekt fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 20.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hrl., og þykja þau hæfilega ákveðin 25.000. kr. auk virðisaukaskatts.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Guðmundsson, greiði 20.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 25.000 kr., auk virðisaukaskatts.
